	Seltjarnarnesbær Bæjarskrifstofur
Brnr.:	24
Mótt.:	4/12 2002
Afrit til.:	JG

LANDSKERFI BÓKASAFNA HF.

✉ Borgartúni 37, 5.h., 105 Reykjavík • ☎ 514-5050 • 🌐 www.landskerfi.is • ✉ landskerfi@landskerfi.is

Fundargerð

Hluthafafundur hjá Landskerfi bókasafna hf. var haldinn að Borgartúni 37 í Reykjavík, 15. nóvember 2002, klukkan 16:00. Mættir voru fulltrúar 8 hluthafa sem eiga samanlagt 82,21% hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Jónmundur Guðmarsson stjórnarformaður setti fundinn; Jónmundur Guðmarsson var kosinn fundarstjóri og Árni Sigurjónsson fundarritari.

Dagskrá fundarins var skv. fundarboði, og voru mál tekin fyrir sem hér segir:


1. Kosning stjórnar. Tillaga var gerð um að í stjórn yrðu kjörnir þeir Arnór Guðmundsson, Jónmundur Guðmarsson, Karl Guðmundsson og og Kristján Svanbergsson (030667-4339). Gerð var tillaga um að Hulda Björk Þorkelsdóttir og Valur Árnason yrðu varamenn í stjórn. Stjórnarmenn og varamenn voru sjálfkjörnir.


2. Undir liðnum Önnur mál tók Árni Sigurjónsson framkvæmdastjóri til máls og gerði grein fyrir nokkrum atriðum úr rekstri félagsins og svaraði spurningum fundarmanna.

Fundurinn fól Árna Sigurjónssyni og Jónmundi Guðmarssyni að ganga frá fundargerð fundarins.

Fleira gerðist ekki og var fundinum slitið um klukkan 17:00.

Reykjavík, 15. nóvember 2002,


Jónmundur Guðmarsson


Árni Sigurjónsson